



Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2023

Efni: Umsögn Samhjálp, um tillögu til þingsályktunar varðandi leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum, 153. lögjafarþing 2022-2023. Þingskjal 703 - 546. mál.

Starfsemi Samhjálp

Samhjálp var sett á stofn árið 1973 og fagnar því 50 ára starfsafmæli á þessu ári. Samhjálp stendur fyrir þrjúþættri þjónustu: meðferð við fíknisjúkdómum í Hlaðgerðarkoti þar sem pláss er fyrir 30 manns, rekstri þriggja áfangaheimila með pláss fyrir 34 einstaklinga, og Kaffistofu Samhjálp þar sem allt að 350 einstaklingar fá máltíð á degi hverjum allan ársins hring. Skjólstæðingar Samhjálp eru því á fimmta hundrað á dag á hverjum tíma. Auk þess rekur Samhjálp fjáröflun og nytjamarkað til að standa straum af umframkostnaði við rekstur úrræðanna.

Meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot í Mosfellsdal var opnað árið 1974 og er því elsta starfandi meðferðarheimili landsins. Áfangaheimilið Brú við Höfðabakka í Reykjavík er framhaldsúrræði að lokinni meðferð í Hlaðgerðarkoti en þar býr fólk í einstaklingsíbúðum í allt að tvö ár að lokinni meðferð. Þess ber að geta að Brú er eina áfangaheimilið þar sem íbúar geta hýst börn sín. Heilbrigðisráðuneytið styrkir starfsemi Hlaðgerðarkots en áfangaheimilið Brú er rekið alfarið af Samhjálp þó húsnæðið sé í eigu Félagsbústaða.

Samhjálp rekur auk þess tvö áfanga- og stuðningsheimili, annað í samstarfi við Reykjavíkurborg og hitt í samstarfi við Kópavogsbæ. Kveðið er á um eftirlitsskyldu sveitarfélaganna í þjónustusamningum um starfsemina og er henni framfylgt auk þess sem náið samstarf er um starfsemina, m.a. við félagsþjónustuna í hvoru sveitarfélagi fyrir sig. Það á því ekki við um áfangaheimili Samhjálp, sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar, að ábyrgðaraliðar þjónustunnar setji sjálfir reglur um eftirlit og eftirfylgni með henni.

Árangur íbúa á áfangaheimilum Samhjálp

Þess ber að geta að árangur íbúa á áfangaheimilum Samhjálp hefur verið góður og hafa um 80% íbúa að jafnaði náð langvarandi bata eftir tveggja ára búsetu. Mörg dæmi eru um að fólk hafi náð góðri fótfestu í lífinu og orðið virkir samfélagsþegnar meðan á búsetu stendur og í kjölfarið enda miðar einstaklingsbundin virkniáætlun og stuðningur að því að valdefla einstaklingana í hvívetna. Viðtækt samstarf er innbyggt í



starfsáætlun allra áfangaheimila Samhjálpar, svo sem við virkniúrræði og aðila í félagsþjónustu.

Áfallamiðuð nálgun

Starfsfólk og stjórn Samhjálpar hafa hlotið þjálfun í áfallamiðaðri nálgun í meðferðarstarfi hjá hinni bandarísku dr. Stephanie Covington, stofnanda Kynja- og réttlætisseturs (e. Center for Gender and Justice) sem mörgum er kunn. Unnið er að innleiðingu leiðarvísa um áfallamiðaða nálgun í allri starfsemi Samhjálpar.

Áfangaheimili sem endurhæfingarúrræði

Í fjármálaáætlun Alþingis fyrir 2024-2028 er fjallað um endurhæfingarþjónustu (25.2) sem er „ætlúð einstaklingum, óháð aldri, sem þarfnast þverfaglegar endurhæfingar vegna færniskerðingar af völdum veikinda [...] eða af öðrum ástæðum.“ Undir þennan flokk fellur m.a. starfssemi SÁÁ, svo færa má rök fyrir að langtíma meðferð á vegum Samhjálpar falli hér undir sömuleiðis. Í áætluninni er bent á að talsvert vanti „upp á samfellu og skilvirkni endurhæfingarþjónustu almennt. Þjónustufarir eru ekki nægilega vel skilgreindar og forgangsroðun í úrræði skortir.“ (bls. 346) Er þetta í samræmi við það sem bent er á í tillögu til þingsályktunar um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum þar sem bent er á að mikilvægt sé að „ tryggja húsnæðisúrræði vegna endurhæfingar á breiðari grunni en áður hefur þekkt og að úrræði séu af fjölbreyttum toga. Af því myndi hljóttast almenn velsæld meðal þjónustuþega.“ Tekið er undir þessi orð en jafnframt hvatt til þess að starfsemi áfangaheimila verði skilgreind sem endurhæfingarúrræði. Einnig er bent á að böggull fylgir skammrifi þar sem starfsemi áfangaheimila eru almennt skorður settar því fjármagn er af skornum skammti til úrræðanna og óljóst hver ber fjárhagslega ábyrgð á málaflökinum. Í tilfelli Samhjálpar hefur starfsemi áfangaheimilanna gjarnan notið þess að hafa meðbyr af sjálfsaflafé samtakanna.

Þar sem vísað er til sögulegs samhengis í tillögu til ályktunar sem hér er til umfjöllunar, skal tekið undir að skortur er á skýrum reglum og ramma utan um rekstur áfangaheimila almennt. Ósamræmis gætir jafnframt þegar kemur að skýrleika um hver skuli standa að fjármögnun við rekstur áfangaheimila. Ljóst er að ekki er réttmætt að seilast í vasa notenda eftir auknum kostnaði sem hlýst af rekstrinum. Réttlátt væri að setja fram skýrar reglur um hvernig kosti skuli þessa mikilvægu starfsemi sem skipt hefur sköpum fyrir mikinn fjölda fólks.

Tekið er undir tillögur um að fram fari heildstæð kortlagning og gloppugreining svo greina megi þarfir þess hóps sem nýtir áfangaheimili. Samhjálp býðst til að taka þátt í



slíkri greiningu og leggja sitt af mörkum svo ramminn utan um hugmyndafræði, rekstur og fjármögnun áfangaheimila megi mæta sem best þeirri brýnu þörf sem birtist okkur glögg í starfsemi Samhjálp á degi hverjum.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Samhjálp,

Edda Jónsdóttir framkvæmdastjóri, M.A. í mannréttindafræðum og ábyrgri stjórnun